

8. Sauðfjarræktin

María Svanþrúður Jónsdóttir og Sigurður Þór Guðmundsson

Sauðfjarræktarfélagin

Skýrsluhald fjarræktarfélaganna fyrir skýrsluárið 2008-2009 var með svipuðum hætti og árið áður og fjölgaði nokkuð í þeim eða um 16 bú. Skil á vor- og haustbókum voru heldur betri en árið áður, en þó voru örfáir sem skiluðu eftir tilsettan tíma, veldur þetta alltaf nokkrum óþægindum á hverju ári, því ekki er hægt að klára uppgjör félaganna fyrir en allir hafa skilað. Notendum að fjarvis.is fjölgaði enn á árinu og gengur mjög vel að nota það kerfi. Skýrslufærðum ám fjölgaði á öllu starfssvæðinu í takt við fjölgun félagsmanna en afurðapróun var breytileg eftir félögum og svæðum samanber meðfylgjandi töflur.

Sauðfjársýningar

Hrútasýningar

Á svæði BSE voru dæmdir rétt um 70 veturgamlir hrútar og er það nokkur fækkun frá fyrra ári, enda bændur almennt farnir að nýta skýrsluhaldsupplýsingar til mats á hrútunum. Haldin var ein hrútasýning á vegum Sf. Neista í Hörgárbyggð að Garðshorni og var hún mjög vel sótt, bæði af mönnun og hrútum. Þar voru bæði skoðaðir lambhrútar og veturgamlir, en annars voru veturgamlir hrútar skoðaðir heima fyrir.

Á svæði BSSP voru engar almennar hrútasýningar en hrútar dæmdir heima á bæjum þar sem þess var óskað, en það er nú orðið fátítt á því svæði.

Á svæði BSNP voru tvær almennar hrútasýningar, hjá Sf. Öxfirðinga í Sandfellshaga 1 og hjá Sf. Þistli, að Svalbarði, en einnig voru hrútar dæmdir heima á bæjum. Sýningarnar voru þokkalega sóttar og móttökur á bæjunum hinar veglegustu að vanda. Dómarar á sýningunni á Svalbarði voru Sigurður Þór Guðmundsson og Úlfhildur Helgadóttir, en í Sandfellshaga var María Svanþrúður auk Sigurðar Þórs. Alls voru dæmdir 99 hrútar í sýslunni. Þorsteinshrúturinn fór nú til Gunnars og Kristínar í Sveinungsvík fyrir hrútinn Multi 08-206 en hann er undan Bjálka 06-995 og Náladóttur. Næstir að stigum komu Hergill 08-332 í Laxárdal og Hákon 08-261 í Flögu.

Líflambaskoðun og uppgjör afkvæmarannsóknna

Í Eyjafirði voru skoðuð rétt um 5000 lömb sem er nokkur auking frá fyrra ári. Leggja bændur almennt talsverða áherslu á vænleika, góða gerð, frjósemi og litla fitu. Nýta menn orðið nokkuð kynbótamatið til vals á ásetningsgripum. Stigahæsti lambhrúturinn í ár með 87,5 stig var hrútur nr 134 á Hríshóli í Eyjafjarðarsveit, undan Þrjóni 07-812 og Fossu 05-961, Hylsdóttur. Hruturinn mældist í ómmælingu 38-1,9-5. Í öðru sæti einnig með 87,5 stig var hrútur nr. 341 á Hálsi í Dalvíkurbyggð, undan Krafti 08-222 sem var undan Rafti og Flottadóttur, og Bombu 06-592 en hún er undan Moladóttur. Mældist hrúturinn í ómmælingu 38-3,2-4,5. Í þriðja sæti með 87,5 stig var hrútur nr 34 á Staðarbakka í Hörgárbyggð, undan Hyni 08-183, Krókssyni og Gullu 05-515. Hann mældist 30-3,0-4,5 í ómmælingu. Var úr góðum hóp hrúta að velja í efstu sætin og þrátt fyrir jöfn stig deildust þau nokkuð breytilega á eftir eiginleikum, en ómmælingin var notuð til að skera úr um röð hrútanna. Eigendur þessara hrúta fengu viðurkenningar fyrir þá á kynningarfundum Sæðingarstöðvanna.



Lambhrútur nr. 134 á Hríshóli



Lambhrútur nr. 341 á Hálsi



Lambhrútur nr. 34 á Staðarbakka

Afkvæmarannsóknir voru gerðar á 8 bæjum fyrir 73 hrúta og má sjá niðurstöður þeirra á heimasíðu Búgarðs.

Um 14.000 lömb voru skoðuð í Þingeyjarsýslum þetta haustið, vænleiki var yfirleitt svipaður og árið áður og holdfylling stöðugt að batna. Bændur leggja almennt mikla áherslu á frjósemi og vænleika samhliða góðri gerð og minni fitu. Hrutasöludagurinn var haldinn á Raufarhöfn og var þar á boðstólum góður hrútakostur að vanda, en fjöldi seldra hrúta var ekki í samræmi við það frekar en í fyrra og liggja sjálfsagt ýmsar ástæður þar að baki. Hugsanlega hefur þar haft áhrif orðrómur um að á svæðinu leyndist lungnakregða (hósti í lömbum) sem væri að valda mönnum meiri búsisfjum en heimamenn kannast við. Er það mál í nánari athugun hjá sauðfjárræktarráðunautum svæðisins en fátt virðist benda til þess að þessi hvítleiði hósti sé að valda tjóni hjá bændum á svæðinu svo fremi sem aðbúnaður sé í lagi.

Formleg afkvæmarannsókn fyrir sæðingarstöðvarnar var gerð í Holti og Laxárdal í haust, en niðurstaðan var á þá leið að enginn hrútur var tekinn úr henni að afloknu uppgjöri. Engu að síður voru fengnir fimm hrútar á stöð á grunni mikilla upplýsinga af heimabúum, þ.e. Hriflon 07-837 frá Hriflu, Grábotni 06-833 frá Geiteyjarströnd, Tengill 05-830 frá Brekku og svo forystuhrútarnir Póstur 07-828 frá Tunguseli og Karl Philip frá Sandfellshaga 2. Í Þingeyjarsýslum voru alls gerðar upp 29 afkvæmarannsóknir með 264 dætrahópum og má sjá niðurstöður þeirra á heimasíðu Búgarðs.

Sauðfjársæðingar

Ari Teitsson og María Svanþrúður Jónsdóttir

Sauðfjársæðingar á svæði Búgarðs tókust án teljandi vandræða á jólaföstu 2009. Bæði var tíðarfar hagstætt sem auðveldaði flutninga og eins var vilji allra sem að málinu komu að leysa vanda fremur en auka hann. Norður Þingeyingar eiga sérstakar þakkir fyrir útsjónarsemi við að finna ferðir inn á sitt víðlenda svæði.

Alls voru notaðir um 3950 skammtar af fersku sæði sem er um 13 % samdráttur frá fyrra ári. Nýting á pöntuðu sæði var þokkaleg í heild eða um 85 % en þó mjög misgöð eftir svæðum og voru Norður Þingeyingar þar mjög til fyrirmyndar. Þær upplýsingar sem fyrir liggja benda til að árangur sæðinganna sé vel viðunandi. Að þessu sinni var ekki sætt með frystu sæði á svæðinu .

Skipting sæðinga milli svæða og stöðva er nálægt eftirfarandi:

	Borgarnes	Suðurland	Alls
N.- Þing	389	652	1.041
S.- Þing	750	1.160	1.910
Eyjafjörður	405	600	1.005
Alls	1.544	2.412	3.956

Sem fyrr voru hrútar mismunandi vinsælir og gáfu mismikið sæði. Því tókst ekki alla daga að anna eftirspurn eftir sæði úr vinsælustu hrútunum en vandræði af þeim sökum voru þó minni en áður. Ljóst virðist að flestir taka að vonum mark á BLUP-spám hrútanna og því æskilegt að bjóða einungis upp á hrúta sem eru jákvæðir í öllum þáttum spárinnar og hlýtur að verða að því stefnt í hrútavali komandi ára. Þá þarf sem fyrr að huga að hvernig best má dreifa sæðispöntunum á sæðingadagana öllum til hagsbóta og er það málefni sem fjárræktarfélögin gætu tekið upp hjá sér.

Nú er hafin markviss skráning á sauðfjársæðingum í fjarvis.is sem er að skila okkur auknum upplýsingum um árangur eftir einstaka hrútum, sæðingamönnum, dögum og sæðingastöðvum. Var þetta fyrst gert með markvissum hætti árið 2009 og fengust upplýsingar um árangur fyrir stærstan hluta sæðinganna. Þar með má segja að við séum búin að taka upp gæðastýringu hér sem annarsstaðar og enda löngu tímabært.



Tafla 13. Niðurstöður úr skýrslum sauðfjárræktarfélaganna 2008-2009

Félag	Tala		Reiknað kjöt eftir				Meðalfjöldi	
	félags- manna	Tala áa	tví- lembu	ein- lembu	á með lambi	hverja á	fæddra lamba	lamba til nytja
Sf. Ólafsfjarðar	2	117	38,6	20,5	34,2	32,4	2,02	1,75
Sf. Vestri Dalvíkurbyggð	18	1528	34,4	18,8	30,8	29,0	1,84	1,71
Sf. Árskógshr. Dalvíkurb.	4	906	32,0	17,1	29,1	27,5	1,84	1,74
Sf. Vísir Arnarneshr.	9	782	31,6	17,9	28,8	27,3	1,87	1,73
Sf. Skriðuhrepps Hörgárbr.	10	1735	33,7	19,0	30,8	29,6	1,88	1,76
Sf. Neisti Hörgárbyggð	24	1751	34,4	18,8	31,1	29,1	1,84	1,69
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafjsv.	8	341	36,1	19,8	32,4	30,4	1,86	1,70
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	6	357	37,5	20,6	33,5	31,3	1,93	1,71
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafjsv.	10	781	34,4	19,1	30,8	27,8	1,72	1,61
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	7	1213	32,3	18,6	28,8	27,1	1,82	1,67
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	1	154	38,2	20,0	34,2	33,0	1,90	1,83
Sf. Grýtubakkahrepps	7	2358	30,9	17,0	28,1	27,2	1,88	1,75
Samtals og meðaltal	106	12.023	33,2	18,4	30,0	28,5	1,85	1,72
Árið 2007-2008	99	11.584	33,8	18,5	30,3	28,4	1,84	1,69
Sf. Hálshrepps	18	3223	33,2	19,0	29,9	28,3	1,83	1,69
Sf. Ljósavatnshr.	14	1997	31,5	17,6	28,0	26,3	1,81	1,63
Sf. Vestur Bárðdæla	6	1207	33,7	19,0	31,9	30,7	1,93	1,82
Sf. Austur Bárðdæla	9	1769	32,1	18,0	28,9	27,6	1,82	1,69
Sf. Austri	13	1600	33,8	18,7	31,1	29,6	1,90	1,74
Sf. Mývetninga	13	1878	33,2	18,0	30,3	28,8	1,88	1,73
Sf. Reykdæla	13	1815	33,6	18,6	30,6	29,1	1,87	1,72
Sf. Aðaldæla	23	3050	33,0	18,4	29,8	28,4	1,84	1,70
Sf. Reykjahrepps	5	1461	34,3	18,0	32,2	31,3	1,91	1,81
Sf. Tjörnesinga	8	1356	30,3	16,9	27,0	26,0	1,84	1,69
Samtals og meðaltal	123	19.504	32,9	18,3	29,9	28,4	1,86	1,71
Árið 2007-2008	120	18.974	32,2	17,8	29,5	26,6	1,86	1,72
Sf. Keldhverfinga	10	2250	32,0	17,5	28,2	26,7	1,81	1,65
Sf. Öxfirðinga	21	6571	32,2	17,7	29,6	28,2	1,88	1,74
Sf. Sléttunga	6	1950	33,4	18,6	29,0	27,0	1,79	1,59
Sf. Þistill	17	5569	31,5	17,3	28,3	26,2	1,80	1,65
Sf. Langnesinga	11	3600	31,9	17,9	28,3	26,6	1,84	1,66
Samtals og meðaltal	66	20.204	32,0	17,7	28,7	27,0	1,83	1,67
Árið 2007-2008	60	19.681	32,5	17,8	29,2	27,0	1,82	1,65

Tafla 14. Þeir félagsmenn, sem höfðu mestar afurðir eftir hverja á og skýrslufærðar ær 100 eða fleiri.

Skýrsluhaldari	Fjöldi	Reiknað	Reiknuð tala		Lömb eftir á	
		kjöt eftir	fyrir kjötmat	fita	fædd	nytja til
	áa	hverja á	gerð			
BSE						
Arnar og Kjartan, Brimnesi, Árskógsströnd	267	34,1	7,98	7,39	1,85	1,81
Gunnar og Doris, Búðarnesi, Hörgárbyggð	218	33,6	7,70	7,31	1,85	1,75
Páll og Halldóra, Mógili, Svalbarðsströnd	154	33,0	8,55	7,83	1,90	1,83
Stefán Lárus Karlsson, Ytri-Bægisá 2, Hörgárbygg	272	32,9	10,05	7,90	1,98	1,86
Dagverðartunga ehf, Dagverðartungu, Hörgárbygg	143	32,9	8,91	7,49	2,04	1,93
Árni Arnsteinsson, Stóra-Dunhaga, Hörgárbyggð	119	32,6	9,36	7,88	1,87	1,79
Þorsteinn Ingólfsson, Gröf 2, Eyjafjarðarsveit	107	32,0	7,48	6,03	1,93	1,90
Félagsbúið Áshóli, Grýtubakkahreppi	313	31,5	8,54	7,00	2,00	1,87
Félagsbúið Villingadal, Eyjafjarðarsveit	105	31,3	9,55	7,06	1,81	1,74
Davíð Jónsson, Kjarna, Arnaneshreppi	168	30,4	8,66	7,10	1,92	1,85
BSSÞ						
Jón Benediktsson Auðnum, Þingeyjarsveit	224	36,2	8,15	6,91	2,02	1,93
Félagsbúið Brún, Þingeyjarsveit	127	33,5	9,14	7,40	1,95	1,75
Halldór Árnason Garði, Mývatnssveit	343	33,0	9,31	7,56	1,95	1,83
Héðinn Sverrisson Geiteyarströnd, Mývatnssveit	310	32,9	8,78	6,61	2,08	1,90
Tryggvi Óskarsson Þverá, Reykjahverfi	298	32,9	8,96	6,81	1,95	1,88
Félagsbúið Stöng, Mývatnssveit	142	32,7	8,44	7,18	1,95	1,88
Sæþór Gunnsteinsson Presthvammi, Þingeyjarsveit	262	32,6	9,42	7,70	1,93	1,83
Félagsbúið Gautlöndum, Mývatnssveit	113	32,4	10,16	7,65	1,83	1,69
Bergljót Þorsteinsdóttir Halldórsstöðum II, Þing.sv	225	32,4	8,66	6,42	1,98	1,88
Aðalgeir Karlsson Múla 2, Þingeyjarsveit	165	32,1	9,49	7,68	2,00	1,91
Böðvar Baldursson Ystahvammi, Aðaldælahreppi	248	31,8	10,49	7,92	1,90	1,74
Ástþór og Sigurður Lækjarvöllum, Þingeyjarsveit	253	31,8	9,34	6,36	1,94	1,81
Ingvar Vagnsson Hlíðarenda, Þingeyjarsveit	144	31,6	8,67	6,38	1,98	1,85
Sigurður og Helga Skarðaborg, Reykjahverfi	639	31,5	10,55	7,20	1,95	1,85
Egill Freysteinnsson Vagnbrekku, Mývatnssveit	139	31,2	9,38	6,48	1,90	1,83
BSNÞ						
Félagsbúið Sandfellshaga 2, Öxarfirði	410	32,8	10,13	7,80	2,12	1,91
Sverrir Möller Ytra-Lóni, Langanesi	336	31,3	9,32	7,34	2,04	1,88
Félagsbúið Flögu, Svalbarðshreppi	136	30,9	10,81	7,74	1,95	1,81
Urðir ehf Sandfellshaga 1, Öxarfirði	431	30,8	9,80	7,76	1,86	1,72
Dagbjartur Bogi Ingimundarson Brekku, Öxarfirði	392	30,6	11,48	7,65	1,87	1,77
Bjarki Fannar Karlsson Hafrafellstungu, Öxarfirði	530	30,5	11,31	7,44	1,92	1,78
Stefán Pétursson Klifshaga 2, Öxarfirði	381	30,3	10,05	7,68	1,89	1,79
Kristinn Steinarsson Reistarnesi, Sléttu	296	30,0	10,05	7,88	1,86	1,72
Jón Halldór og Guðný Ærlæk, Öxarfirði	488	29,4	9,69	7,14	1,88	1,82
Sigurður Jens Sverrisson Hvammi II, Svalbarðshr.	340	29,1	9,17	7,60	1,87	1,77
Halldór og Elín Bjarnastöðum, Öxarfirði	495	29,0	10,98	7,39	1,82	1,67
Gunnar og Ína Fjallalækjarseli, Svalbarðshreppi	338	29,0	8,46	7,46	1,91	1,77

Tafla 15. Þeir félagsmenn sem höfðu mestar afurðir eftir hverja á og skýrslufærðar ær innan við 100.

Skýrsluhaldari	Fjöldi áa	Reiknað kjöt eftir hverja á	Reiknuð tala		Lömb eftir á til nytja	
			fyrir kjötmat gerð	fita	fædd	nytja
BSE						
Árni Magnússon Háalundi 2, Akureyri	16	42,4	9,36	8,03	2,38	2,25
Eiríkur Helgason Ytra-Gili, Eyjafjarðarsveit	18	41,1	8,90	8,15	2,06	2,00
Jóhann Tryggvason Vöglum, Eyjafjarðarsveit	6	40,6	10,00	10,00	1,83	1,83
Anna Guðrún Grétardóttir, Fornhaga 2, Hörgárbyggð	9	39,3	9,05	6,95	2,33	2,22
Guðrún Marinósdóttir Búrfelli, Dalvíkurbyggð	68	37,5	11,21	7,15	1,85	1,80
Þorleifur og Sigurbjörg Hóli Upsaströnd, Dalvíkurb.	32	36,7	8,87	8,21	1,94	1,81
Sigurður Elvar Viðarson Brakanda, Hörgárbyggð	22	36,5	9,36	6,82	2,14	1,95
Sigmar Bragason Björgum, Hörgárbyggð	15	36,1	9,10	7,27	2,33	2,20
Hofsárbrúin Hofsá, Dalvíkurbyggð	68	35,7	8,47	7,18	2,07	1,97
Rauðilækur ehf Neðri-Rauðalæk, Hörgárbyggð	24	35,5	9,82	7,88	1,96	1,79
BSSÞ						
Geir Árdal Dæli, Þingeyjarsveit	12	37,2	8,20	10,47	2,17	1,50
Þuríður Davíðsdóttir Hrísgarði, Þingeyjarsveit	29	35,5	8,28	7,75	1,93	1,83
Davíð og Gunnhildur Hrísgarði, Þingeyjarsveit	40	34,8	8,41	6,76	2,03	1,85
Gunnar Jónsson Heiðarbót, Reykjahverfi	42	34,0	8,69	7,88	1,86	1,86
Lyngbrekkusystur Lyngbrekku, Þingeyjarsveit	54	34,0	8,16	6,98	2,02	1,94
Sveitarsetrið Draflastöðum, Þingeyjarsveit	31	33,3	8,00	8,30	1,90	1,55
Vogabúi 1 Vogum 1, Mývatnssveit	80	32,8	9,21	8,39	1,89	1,70
Elín Steingrimsdóttir, Grímsstöðum 4, Mývatnssveit	46	32,7	8,98	6,19	2,07	1,93
Arngrímur Geirsson Álftagerði III, Mývatnssveit	35	32,2	10,43	7,55	1,88	1,74
Kristján Jóhannesson Hróarsstöðum, Þingeyjarsveit	14	31,7	8,00	7,78	2,07	1,79
Sigurpáll Jónsson Brúnagerði, Þingeyjarsveit	27	31,6	8,68	6,75	2,04	1,77
Flosi og Unnur Hrafnstöðum, Þingeyjarsveit	22	31,4	10,45	7,88	1,77	1,68
Kristlaug Pálsdóttir Engidal, Þingeyjarsveit	56	30,8	7,96	7,72	1,84	1,70
Snjólaug og Kristján Hellulandi, Þingeyjarsveit	18	30,6	9,50	6,96	1,83	1,78
Agnar Kristjánsson Norðurhlíð, Þingeyjarsveit	54	30,1	9,18	5,35	1,93	1,85
BSNÞ						
Aðalsteinn Snæþórsson Víkingavatni, Kelduhverfi	9	38,9			2,33	2,22
Brynjar Halldórsson Gilhaga, Öxarfirði	7	37,9	8,79	7,89	2,43	2,29
Brynhildur Óladóttir Skeggjastöðum, Bakkafirði	42	35,5	8,80	7,92	2,14	1,98
Hafliði Jónsson Bakka, Bakkafirði	43	35,1	9,45	8,47	1,91	1,74
Grímur Jónsson Klifshaga 1, Öxarfirði	47	30,1	9,71	8,27	1,87	1,74

Tafla 16. Fallþungi og kjötmat sláturlamba 2009

Félag	Tala sláturlamba	Meðal- fallþungi	Meðal- vöðvaflokkun	Meðal- fituflokkun
Sf. Ólafsfjarðar	124	17,58	8,17	8,10
Sf. Vestri Dalvíkurbyggð	2.447	16,83	8,57	6,72
Sf. Árskógshr. Dalvíkurb.	1.478	15,50	7,89	6,22
Sf. Vísir Arnarneshr.	1.212	15,54	7,91	6,51
Sf. Skriðuhrepps Hörgárbr.	2.778	16,69	9,01	7,26
Sf. Neisti Hörgárbyggð	2.720	16,92	9,00	7,19
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafjsv.	504	17,48	8,95	7,36
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	477	17,62	9,07	6,99
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafjsv.	1.032	16,83	8,24	6,63
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	1.998	15,84	8,49	6,48
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	236	18,00	8,55	7,83
Sf. Grýtubakkahrepps	3.907	15,25	8,04	5,98
Samtals og meðaltal	18.913	16,26	8,49	6,68
Árið 2008	17.620	16,56	8,61	6,84
Sf. Hálsahrepps	4.956	16,39	8,25	6,34
Sf. Ljósavatnshr.	2.895	15,73	8,38	6,10
Sf. Vestur Bárðdæla	1.731	16,39	8,63	6,19
Sf. Austur Bárðdæla	2.710	15,97	8,28	6,21
Sf. Austri	2.559	16,68	8,82	6,73
Sf. Mývetninga	3.058	16,30	9,72	6,76
Sf. Reykdæla	2.791	16,68	8,45	6,45
Sf. Aðaldæla	4.777	16,50	9,31	7,09
Sf. Reykjahrepps	2.502	17,00	9,86	7,27
Sf. Tjörnesinga	2.076	15,01	8,52	6,07
Samtals og meðaltal	30.282	16,29	8,81	6,56
Árið 2008	30.059	15,02	8,84	6,14
Sf. Keldhverfinga	3.397	15,88	8,82	6,59
Sf. Öxfirðinga	9.999	15,92	9,84	7,17
Sf. Sléttunga	2.770	16,74	9,73	7,54
Sf. Þistill	8.238	15,68	9,27	7,02
Sf. Langnesinga	5.418	15,72	8,79	6,98
Samtals og meðaltal	30.164	15,87	9,35	7,05
Árið 2008	28.316	16,04	9,32	7,09

Tafla 17. Niðurstöður úr skýrslum yfir afurðir veturgamalla áa 2008-2009

Félag	Tala	Tala	Reiknað kjöt eftir				Meðalfjöldi	
	skýrslu- haldara	áa	tví- lembu	ein- lembu	á með lambi	hverja á	lamba fæddra	lamba nytja
Sf. Ólafsfjarðar	2	21	29,4	18,7	21,7	14,5	0,95	0,86
Sf. Vestri Svarfaðardal	18	374	30,7	17,6	20,2	15,9	1,10	0,94
Sf. Árskógshrepps	4	221	28,9	15,4	17,6	13,5	1,03	0,90
Sf. Vísir Arnarneshr.	9	172	23,8	16,2	17,1	8,6	0,72	0,56
Sf. Skriðuhrepps	10	354	29,5	16,9	18,1	12,5	0,95	0,75
Sf. Neisti Hörgárbyggð	24	446	30,3	17,3	18,1	13,6	1,03	0,80
Sf. Hrafnagilshr. Eyjafj.	7	90	34,7	18,0	19,8	14,7	1,00	0,82
Sf. Freyr Eyjafjarðarsv.	5	67	28,0	18,0	19,9	12,2	0,97	0,75
Sf. Öngulsst.hr. Eyjafj.	9	204	28,3	16,3	17,5	11,2	0,95	0,70
Sf. Hólasóknar Eyjafjsv.	6	296	26,5	15,6	16,5	13,1	0,98	0,86
Sf. Svalbarðsstrandarhr.	1	28	34,2	16,2	19,8	3,5	0,29	0,21
Sf. Grýtubakkahrepps	7	501	30,1	15,1	16,6	11,3	0,93	0,75
Samtals og meðaltal	102	2774	29,5	16,5	18,0	12,7	0,97	0,79
Árið 2007-2008	97	2.695	31,1	16,6	18,0	11,4	0,88	0,70
Sf. Hálshrepps	17	629	28,8	15,9	17,5	10,9	0,86	0,69
Sf. Ljósavatnshr.	14	480	27,7	15,7	16,6	8,1	0,70	0,52
Sf. Vestur Bárðdæla	6	190	30,2	16,4	17,1	11,7	1,01	0,72
Sf. Austur Bárðdæla	9	377	27,1	15,9	16,4	9,7	0,79	0,62
Sf. Austri	13	341	30,8	16,5	18,8	8,7	0,67	0,54
Sf. Mývetninga	13	430	28,2	16,7	18,2	12,8	1,05	0,80
Sf. Reykdæla	13	403	30,0	16,2	16,9	10,2	0,85	0,63
Sf. Aðaldæla	23	667	28,5	16,2	16,9	12,6	0,98	0,78
Sf. Reykjahrepps	5	308	32,1	17,0	17,4	14,2	1,06	0,84
Sf. Tjörnesinga	8	277	28,1	15,0	15,6	9,8	0,87	0,66
Samtals og meðaltal	121	4.116	29,0	16,2	17,2	10,9	0,88	0,68
Árið 2007-2008	118	4.075	28,4	15,1	16,1	10,5	0,93	0,67
Sf. Keldhverfinga	10	461	28,7	16	16,9	11,3	0,92	0,72
Sf. Öxarfirðinga	21	1374	28,8	16,7	17,5	9,6	0,79	0,58
Sf. Sléttunga	6	354	28,2	16,4	16,9	11,2	0,89	0,69
Sf. Þistill	17	1241	29,0	15,9	16,4	9,0	0,74	0,57
Sf. Langnesinga	11	774	27,3	15,6	16,7	9,2	0,77	0,60
Samtals og meðaltal	66	4253	28,4	16,2	16,9	9,6	0,79	0,60
Árið 2007-2008	65	4210	29,6	16,0	16,8	8,7	0,71	0,55

Tafla 18. Þau fjárbú sem höfðu besta vöðvafyllingu í föllum skv kjötmati.

Skýrsluhaldari	Fjöldi falla	Meðal fallþungi	Reiknuð tala fyrir kjötmat	
			gerð	fita
BSE				
Guðrún Marinósdóttir Búrfelli, Dalvíkurbyggð	130	19,65	11,21	7,15
Þór Aðalsteinsson Kristnesi, Eyjafjarðarsveit	102	17,84	10,88	8,41
Birgitta og Róbert Staðarbakka, Hörgárbyggð	22	17,22	10,86	7,68
Félagsbúið Bringu, Eyjafjarðarsveit	66	18,32	10,50	7,62
Guðmundur og Sigrún Staðarbakka, Hörgárbyggð	423	16,18	10,18	7,35
Félagsbúið Dvergasteini, Hörgárbyggð	52	18,90	10,08	8,73
Stefán Lárus Karlsson Ytri-Bægissá 2, Hörgárbyggð	463	17,49	10,05	7,90
Aðalsteinn og Sigríður Auðnum I, Hörgárbyggð	149	18,66	10,03	8,19
Kristín Thorberg Litladal, Eyjafjarðarsveit	37	19,11	10,03	8,24
Haukur og Þorvar Ytri-Bægissá 1, Hörgárbyggð	142	17,20	10,01	7,99
Jóhann Tryggvason Vöglum, Eyjafjarðarsveit	6	22,00	10,00	10,00
Gestur Hauksson Þríhyrningi, Hörgárbyggð	54	17,01	10,00	7,31
BSSÞ				
Félagsbúið Baldursheimi 1, Mývatnssveit	438	15,71	11,36	7,13
Eyþór Pétursson Baldursheimi 3, Mývatnssveit	212	15,20	11,06	6,43
Sveinbjörn Þór Sigurðsson Búvöllum, Þingeyjarsveit	122	17,41	10,93	7,16
Jón Smári Eyþórsson Baldursheimi, Mývatnssveit	29	15,12	10,59	6,03
Sigurður og Helga Skarðaborg, Reykjahverfi	1172	16,88	10,55	7,20
Bjarni Eyjólfsson Hvoli, Þingeyjarsveit	137	16,86	10,54	7,91
Hrafnhildur Kristjánsdóttir Grænavatni 2, Mývatnssveit	127	14,54	10,50	6,29
Böðvar Baldursson Ystahvammi, Þingeyjarsveit	415	17,61	10,49	7,92
Flosi og Unnur Hrafnstöðum, Þingeyjarsveit	33	18,37	10,45	7,88
Arngrímur Geirsson Álftagerði 3, Mývatnssveit	53	18,23	10,43	7,55
Ómar og Esther Litlu-Reykjum, Reykjahverfi	369	17,41	10,22	7,96
Bergþóra Eysteinsdóttir Arnarvatni 4, Mývatnssveit	108	16,13	10,17	6,92
Félagsbúið Gautlöndum, Mývatnssveit	172	18,54	10,16	7,65
Björgvin Viðarsson Kraunastöðum, Þingeyjarsveit	195	14,99	10,09	6,21
BSNÞ				
Dagbjartur Bogi Ingimundarson Brekku Öxarfirði	653	17,11	11,48	7,65
Bjarki Fannar Karlsson Hafrafellstungu Öxarfirði	743	16,72	11,31	7,44
Benedikt og Erla Þverá Öxarfirði	486	16,91	11,07	7,43
Halldór og Elín Bjarnastöðum Öxarfirði	659	16,73	10,98	7,39
Félagsbúið Flögu Svalbarðshreppi	236	17,13	10,81	7,74
Félagsbúið Hagalandi Svalbarðshreppi	403	15,79	10,55	6,98
Helgi og Sigurlína Snartarstöðum II Sléttu	569	16,62	10,41	7,49
Sigurður og Alda Presthólum Öxarfirði	559	16,66	10,38	7,53
Félagsbúið Sandfellshaga Öxarfirði	594	16,78	10,13	7,80
Sigurður og Hildur Holti Svalbarðshreppi	404	15,41	10,11	6,82
Stefán Pétursson Klifshaga 2 Öxarfirði	630	16,82	10,05	7,68
Kristinn Steinarsson Reistarnesi Sléttu	465	17,29	10,05	7,88

Tafla 19. Þeir hrútar sem höfðu besta vöðvafyllingu í föllum afkvæma samkvæmt kjötmati og að lágmarki 10 dilka.

Hrútur, nr. og nafn	Bær	Faðir	Fjöldi falla	Meðal-fallþungi	Kjötmat gerð	fita
BSE						
08-181 Glæsir	Staðarbakka	05-803 Krókur	16	16,8	12,31	7,63
07-375 Skellur	Búrfelli	05-966 Raftur	32	20,8	12,13	7,31
08-180 Klaki	Staðarbakka	05-803 Krókur	26	16,5	11,81	7,19
06-319 Prófill	Vatnsenda	03-945 Lundi	15	16,8	11,60	6,13
05-146 Engill	Ytri-Bægisá 2	03-213 Lars	37	16,9	11,32	7,76
07-175 Börkur	Staðarbakka	05-803 Krókur	79	16,5	11,27	7,59
08-344 Kubbur	Kristnesi	06-998 Dropi	43	19,0	11,14	9,00
08-099 Bjarni	Syðri-Bægisá	07-154 Frosti	22	17,9	11,14	7,41
08-057 Fálki	Skriðu	06-058 Smári	32	16,6	11,00	6,22
08-135 Darri	Gullbrekku	07-130 Fengur	32	17,4	11,00	7,78
08-380 Kóni	Bringu	05-968 Ljúfur	14	19,7	11,00	7,86
08-091 Birgir	Þríhyrningi	05-803 Krókur	11	18,3	11,00	8,36
BSSÞ						
07-657 Shaun	Baldursheimi 1	03-690 Sopi	56	15,35	12,07	6,95
08-110 Mikki	Skarðaborg	07-104 Krappur	15	16,83	12,00	7,67
08-663 Dóri	Baldursheimi 1	06-155 Þeyr	47	16,23	11,77	7,47
07-659 Óðinn	Gautlöndum	05-969 Hvellur	25	18,15	11,72	7,88
08-483 Vængur	Baldursheimi 3	04-964 Papi	54	15,02	11,67	6,72
08-106 Snigill	Skarðaborg	05-124 Spakur	19	16,48	11,63	7,11
08-661 Fursti	Baldursheimi 1	07-656 Reykur	38	15,58	11,63	7,18
07-656 Reykur	Baldursheimi 1	06-651 Eldur	65	15,90	11,60	6,91
05-697 Bylur	Baldursheimi 1	01-460 Púunktur	35	15,69	11,60	7,17
08-660 Trans	Baldursheimi 1	06-994 Bifur	21	15,20	11,57	7,14
06-111 Prins	Skarðaborg	04-109 Þéttir	39	17,16	11,54	7,97
08-027 Lykill	Búvöllum	05-965 Kveikur	18	16,47	11,50	6,72
08-484 Hnútur	Baldursheimi 3	07-481 Fantur	32	14,57	11,47	6,03
05-400 Straumur	Búvöllum	01-883 Hylur	40	17,46	11,45	7,43
BSNÞ						
08-107 Kambur	Hafrafellstungu	06-994 Bifur	18	17,26	12,33	8,22
08-100 Blær	Hafrafellstungu	06-100 Andvari	48	16,50	12,25	7,31
08-241 Stapi	Brekku	04-964 Papi	35	16,15	12,20	7,66
08-282 Glitnir	Þverá	06-998 Dropi	24	16,41	12,00	7,29
08-263 Prettur	Flögu	06-154 Bruni	22	16,75	11,95	7,86
08-421 Toppur	Presthólum	06-994 Bifur	23	16,73	11,91	7,43
06-245 Sjóður	Brekku	03-945 Lundi	113	17,32	11,88	7,97
07-243 Lokkur	Brekku	02-923 Lómur	140	17,16	11,86	7,45
06-152 Ylur	Bjarnastöðum	05-738 Spe	99	16,97	11,82	7,52
08-261 Hákon	Flögu	06-994 Bifur	22	17,10	11,82	7,73
07-154 Frosti	Bjarnastöðum	05-966 Raftur	79	17,29	11,80	7,16
08-283 Byr	Þverá	06-806 At	41	16,51	11,80	7,22
05-730 Leó	Bjarnastöðum	04-152 Kubbur	39	16,73	11,77	7,74
06-100 Andvari	Hafrafellstungu	04-430 Bylur	165	16,43	11,76	7,35
08-102 Hrani	Hafrafellstungu	03-957 Gráni	29	17,15	11,72	7,72
06-151 Valur	Flögu	04-963 Fróði	11	17,94	11,55	8,18
08-150 Mikki	Bjarnastöðum	04-153 Stekkur	12	16,21	11,50	7,42

Tafla 20. Þeir hrútar sem gáfu fituminnstu föllin með að lágmarki 10 dilka og 8,5 í vöðvaflokkun

Hrútur, nr. og nafn	Bær	Faðir	Fjöldi falla	Meðal-fallþungi	Kjötmat gerð	fita
BSE						
08-033 Róni	Auðnum 1	05-966 Raftur	12	13,9	9,00	5,58
07-062 Bjarni	Grund	05-968 Ljúfur	29	14,7	8,62	5,72
06-219 Hlekkur	Hólsgerði	04-656 Hnykill	34	15,0	9,32	5,79
05-582 Máni	Hrafnstöðum	03-975 Máni	28	16,9	8,54	5,79
08-223	Hálsi	05-966 Raftur	16	14,8	8,56	5,88
07-059 Baktus	Skriðu	06-058 Smári	38	15,7	10,13	5,92
07-202 Frakki	Hólsgerði	05-965 Kveikur	75	15,7	8,96	5,96
07-605 Hreinn	Syðri-Haga	04-595 Geisli	30	14,6	8,70	5,97
08-049 Drumbur	Hrúshóli	05-966 Raftur	26	17,6	9,96	6,00
03-154 Bjartur	Villingadal	99-877 Styggur	30	17,3	9,30	6,00
05-587 Gustur	Hrafnstöðum	04-293 Gustur	34	17,0	8,79	6,00
08-587 Krókur	Litla-Árskógi	07-585 Stormur	24	14,5	8,63	6,04
07-341 Bassi	Brúnum	03-300 Blævur	14	15,6	9,50	6,07
07-610 Trimbill	Svertingsstöðum II	01-919 Erpur	42	16,8	8,64	6,10
06-319 Prófill	Vatnsenda	03-945 Lundi	15	16,77	11,6	6,13
BSSÞ						
07-173 Svanur	Grænavatni 1	02-923 Lómur	43	14,30	8,84	4,72
08-303 Köngull	Einarsstöðum	04-964 Papi	35	14,69	8,77	4,91
07-704 Hvellur	Grímsstöðum 4	05-969 Hvellur	11	15,81	8,55	5,00
08-450 Falur	Árteigi	06-435 Tindur	36	15,55	8,67	5,08
06-369 Gaukur	Eyjadalsá	04-366 Pollur	50	15,66	8,66	5,10
08-478 Glámur	Rauðá	04-990 Jón Páll	31	15,69	8,87	5,16
05-363 Dímon	Pálmholti	02-923 Lómur	12	15,66	10,50	5,25
08-302 Gæfur	Einarsstöðum	05-965 Kveikur	47	16,04	9,28	5,26
06-462 Hnykill	Norðurhlíð	02-943 Kjalvar	25	15,68	8,72	5,28
08-265 Lóni	Sýrnesi	07-001 Hárekur	10	15,17	8,90	5,30
07-507 Bjartur	Björgum	05-504 Þór	19	15,61	8,95	5,32
07-509 Salómon	Björgum	05-965 Kveikur	33	16,37	8,73	5,33
08-039 L.Raftur	Víðikeri	05-966 Raftur	18	15,23	8,67	5,39
07-837 Hriflon	Hriflu	05-966 Raftur	17	16,65	9,76	5,41
08-025 Gjafar	Norðurhlíð	06-477 Kassi	24	15,26	10,63	5,50
BSNÞ						
08-785 Maríó	Leifsstöðum	07-175 Vaskur	34	13,92	8,88	5,26
08-032 Lucas	Fjöllum 2	06-996 Þráður	16	14,94	9,31	5,56
08-131 Glitnir	Smjörhóli	04-253 Nasi	28	14,29	8,54	5,57
07-047 Reina	Fjöllum 2	05-966 Raftur	27	14,98	9,56	5,74
08-088 Bogi	Lóni 2	06-245 Sjóður	38	15,53	9,03	5,84
07-338 Reistur	Árdal	02-464 Hómer	55	15,42	9,85	5,98
04-144 Hafur	Valþjófsstöðum 1	00-868 Áll	42	14,80	9,07	5,98
08-083 Rap	Lóni 2	05-966 Raftur	24	16,25	9,75	6,00
08-085 Robbi	Lóni 2	07-074 Rey	39	15,70	8,62	6,00
04-158 Hringur	Smjörhóli	02-903 Kunningi	24	13,97	9,38	6,04
07-769 Fjólí	Gunnarsstöðum	04-007 Dýri	78	14,59	9,35	6,04
07-146 Stúfur	Valþjófsstöðum 1	00-868 Áll	63	14,46	9,67	6,06
04-245 Blær	Núpi	02-904 Gári	92	14,53	9,63	6,07
08-020	Syðri-Brekkum 1	07-023 Feigur	43	14,53	9,19	6,07
07-025 Morgunn	Fjöllum 1	06-021 Dagur	38	14,66	9,42	6,08

